

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur  
um ákvarðanir kjararáðs um laun og starfskjör.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Laun og starfskjör hverra eru ákveðin af kjararáði og hvernig flokkast störfin eftir kyni þeirra sem gegna þeim nú? Einnig er óskað eftirfarandi upplýsinga um hvert starf:*

- a. föst laun eða grunnlaun,*
- b. önnur laun,*
- c. föst yfirvinna, þ.e. bæði upphæð og fjöldi tíma,*
- d. önnur starfskjör,*
- e. umsvif eða velta stofnunar, félags eða fyrirtækis,*
- f. fjöldi undirmanna,*
- g. rökstuðningur ákvörðunar.*

*Laun og starfskjör hverra eru ákveðin af kjararáði?*

Fram kemur í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, að verkefni þess er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna skal kjararáð einnig ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu félaga sem undir þessa málsgrein falla. Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna tekur ekki til félags sem nefnt er dótturfélag móðurfélagsins í 2. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög og 2. mgr. 2. gr. laga um einkahlutafélög. Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 1. gr. laganna tekur ekki heldur til félaga sem viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrntæki í meirihlutaeigu ríkisins eða dótturfélög þessara fjármálaþyrntækja yfirtaka til að tryggja fullnustu kröfu. Í vafatilvikum úrskurðar fjármálaráðuneytið um hvort kjararáð eigi úrskurðarvald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna.

Kjararáð úrskurðar um laun og starfskjör ofangreindra aðila og birtir úrskurði sína og rökstuðning fyrir ákvörðun á heimasíðu sinni kjararad.is.

Kjararáð hefur í úrskurðum vegna þeirra aðila sem falla undir 1. mgr. 1. gr. laganna úrskurðað um föst laun og einingar. Ekki er um fasta yfirvinnu að ræða hjá þessum aðilum nema sýslumönnum og tollstjóra, en þeim er greidd föst yfirvinna og tekur fjöldi tíma mið af innheimtuárangri í opinberum gjöldum en ekki tímamælingu. Um þingfararkostnað gilda lög nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, en fjármálaskrifstofa Alþingis veitir allar upplýsingar um þau. Um almenn starfskjör embættismanna gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007, sjá fylgiskjal IV. Reglurnar eru birtar á heimasíðu kjararáðs.

Auk þess er prestum greitt fyrir prestverk og starfskostnað samkvæmt gjaldskrá innanríkisráðuneytisins. Sendiherrum eru greiddar staðaruppbætur og starfskostnaður samkvæmt

ákvörðun utanríkisráðuneytis. Heimilt er að greiða skólameistara að auki laun fyrir kennslu, allt að 12 kennslustundum á mánuði. Áður en til slíkrar greiðslu kemur skal hann þó hafa kennt fjórar stundir á mánuði án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Kennsla skólameistara skal greidd með 1,2 klukkustundum í yfirvinnu samkvæmt 115. launaflokki kjararáðs. Til viðbótar launum héraðsdómara koma greiðslur fyrir bakvaktir þar sem það á við.

Vegna þeirra aðila sem falla undir 2. mgr. 1. gr. laganna felldi kjararáð almennan úrskurð 23. febrúar 2010 um laun og önnur starfskjör þeirra framkvæmdastjóra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Úrskurðurinn tók gildi 1. mars 2010. Í úrskurði kjararáðs kemur fram að þau skuli ákveðin í samræmi við eftirfarandi:

„Föst laun fyrir dagvinnu, mánaðarlaun, skulu ekki vera hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Auk þess skal greiða einingar fyrir yfirvinnu og álag sem starfinu fylgir ef tilefni er til. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og er miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sé greitt meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skulu heildarlaun hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Framkvæmdastjórar njóta ekki bifreiðahlunninda. Kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum með áþekkingu hætti og eldri ráðningarsamningur hans gerði ráð fyrir, þar með taldar greiðslur sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skal verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði. Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði.“

Þriggja manna kjararáð ákveður mánaðarlaun og einingafjölda hvers og eins framkvæmdastjóra í einstaklingsbundnum ákvörðunum í samræmi við forsendur úrskurðarins frá 23. febrúar 2010. Þriggja manna kjararáð sker einnig úr um hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi, hver beri að launa sérstaklega, svo og hvort greiða skuli til viðbótar vegna árangurstengingar. Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega. Úrskurðir þriggja manna kjararáðs um mánaðarlaun og einingafjölda hvers og eins framkvæmdastjóra í einstaklingsbundnum ákvörðunum eru birtir á heimasíðu kjararáðs.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010, sjá fylgiskjal V. Reglurnar eru birtar á heimasíðu kjararáðs.

*Hvernig flokkast störfin eftir kyni þeirra sem gegna þeim nú? Einnig er óskað eftirfarandi upplýsinga um hvert starf: a) föst laun eða grunnlaun, b) önnur laun, c) föst yfirvinna, þ.e. bæði upphæð og fjöldi tíma, d) önnur starfskjör, e) umsvif eða velta stofnunar, félags eða fyrirtækis, f) fjöldi undirmanna, g) rökstuðningur ákvörðunar.*

Umbeðnar upplýsingar vegna flokkunar eftir kyni og a–f-liða um hvert starf koma fram í töflunni hér á eftir. Í fylgiskjali I má sjá yfirlit yfir launaflokka embættismanna samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Rétt er að taka fram að laun og einingar hafa tekið breytingum frá því í mars 2010, sbr. fylgiskjöl II og III. Í fylgiskjali II má sjá mánaðargreiðslur hvers launaflokks frá 1. mars 2012 vegna embættismanna og þeirra sem voru færðir undir ákvörðunarvald kjararáðs með lögum nr. 87/2009. Í fylgiskjali III má sjá mánaðargreiðslur hvers launa-

flokks frá 1. mars 2012 vegna þjóðkjörinna fulltrúa. Í fyrirspurn kemur ekki fram við hvaða skilgreiningu á starfi skuli miðað vegna upplýsinga um hvert starf. Í töflunni er því einkum horft til upptalningar í 1. gr. laga nr. 47/2006 við flokkun starfa auk röðunar starfa í launaflokka samkvæmt ákvörðun kjararáðs sem birt er á heimasíðu ráðsins, sbr. fylgiskjöl I–III. Einnig er horft til úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna aðgangs að upplýsingum um launakjör einstakra starfsmanna ríkisins.

Vegna c-liðar er vísað til þess sem áður hefur komið fram að ekki er um fasta yfirvinnu að ræða hjá þessum aðilum nema sýslumönnum og tollstjóra. Vegna d-liðar um önnur starfskjör er vísað til þess sem fram kemur í svari við laun og starfskjör hverra eru ákveðin af kjararáði. Vegna e-liðar skal upplýst að fjármálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um umsvif eða veltu einstakra félaga eða fyrirtækja sem falla undir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 þar sem um er að ræða félög sem eru einkaréttareðlis. Einnig verður vegna f-liðar að setja fyrirvara við fjölda undirmanna hjá aðilum sem falla undir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 þar sem fjármálaráðuneytið hefur ekki nákvæmar upplýsingar um félög sem eru einkaréttareðlis. Velta ríkisstofnana kemur hins vegar fram í fjárlögum hvers árs auk ríkisreiknings.

Upplýsingar vegna g-liðar hafa ekki verið teknar saman vegna fjölda úrskurða auk þess sem rökstuðningur ákvörðunar um laun og starfskjör þeirra sem kjararáð úrskurðar um eru öllum aðgengilegir á heimasíðu ráðsins.

Starf	Meðal- grunnlaun	Meðal- heildarlaun	Meðal- einingafjöldi	Fjöldi undirmanna, frá-til-meðaltal	KVK	KK
<b>Aðilar sem Kjararáð ákvarðar laun skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2007</b>						
Forseti Íslands	1.916.673	1.916.673		9		100%
Alþingismenn	589.559	589.559			41%	59%
Ráðherrar og forseti Alþingis	1.061.304	1.061.304			50%	50%
Hæstaréttardómarar	850.627	1.230.915	59		17%	83%
Héraðsdómarar	671.696	995.346	50		42%	58%
Héraðsprestar, sérþjónustuprestar	496.753	587.375	14		39%	61%
Prófastar	548.444	769.432	34		40%	60%
Sóknarprestar	496.753	599.350	16		29%	71%
Biskupar	709.836	830.666	19	30		100%
Sýslumenn og tollstjóri*	620.823	727.628	17	3 – 218 – 29	26%	74%
Saksóknarar	471.164	651.113	28		50%	50%
Sendiherrar	647.383	789.789	22	1 – 10 – 3	9%	91%
Ráðuneytisstjórar	877.576	1.062.056	29	18 – 108 – 59	50%	50%
Skrifstofustjóri 1	647.383	736.710	14		21%	79%
Skrifstofustjóri 2	669.296	776.100	17	0 – 46 – 13	39%	61%
Skrifstofustjóri 3	691.976	798.780	17	0 – 32 – 10	25%	75%
Skólameistarar	554.159	637.013	13	15 – 165 – 72	39%	61%
Forstöðumenn stofnana	667.022	811.498	22	6 – 4596 – 180	30%	70%
Nefndarmaður	636.976	783.913	23		25%	75%
<b>Aðilar sem Kjararáð ákvarðar laun skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2007</b>						
Sameignarfyrirtæki	874.589	1.521.889	100	325 – 325 – 325		100%
Opinber hlutafélög	766.369	1.090.019	50	29 – 630 – 199		100%
Hlutafélög	707.335	939.285	36	1 – 1350 – 408	17%	83%
Einkahlutafélög	667.372	852.931	29	1 – 325 – 46	8%	92%

\*Föst yfirvinna vegna innheimtuárangurs: Innheimtulaun taka mið af innheimtuárangri og reiknast þannig að stundafjöldi til greiðslu í hverjum mánuði skal vera 1,1355 í veldinu (ih-70) þar sem ih er innheimtuárangur í hundraðshlutum.

## Fylgiskjal I.

## Yfirlit yfir laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Gert í mars 2010. Eining er 5.058 krónur.

Launa- flokkur	Krónur /mánuði	Einingar /mánuði	Staða
123	458.224	0–1	Forstöðumaður Listasafns Einarssonar
124	473.551	4–13	Prestar *
125	489.414		
126	505.833	0–3	Forstöðumaður Kvikmyndasafns Forstöðumaður Blindrabókasafns Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra
		10	Framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs
127	522.827	2–5	Forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins Forstöðumaður Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði
		18–21	Prófastar I *
128	540.416	1–3	Forstöðumaður Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna Forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar
		21–33	Prófastar II *
129	558.620	1–6	Forstöðumaður Íslenska dansflokksins Forstöðumaður Húsafríðunarnefndar Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss
			Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Austurlandi, Vestfirðum og Vesturlandi
			Forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi
130	577.461	0	Sendiherrar erlendis**
		15–27	Sendiherrar á aðalskrifstofu ráðuneytisins í Reykjavík
		0–5	Rektor Bændaskólans á Hólum Framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi
			Forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn
		10	Sýslumenn Patreksfirði, Hólmavík, Bolungarvík, Búðardal, Höfn, Vík, Siglufirði***
		29	Forstöðumenn Rannsóknanefnda flugslysa, umferðaslysa og sjóslysa
131	596.961	5–9	Þjóðskjalavörður, Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands Forstöðumaður Listasafns Íslands Forstöðumaður Verðlagsstofu skiptaverðs Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu Forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum
		0–2	Skólameistarar Verkmenntaskóla Austurlands, Fjölbrautaskóla Snæ- fellinga, framhaldsskólanna á Húsavík, í Vestmannaeyjum, á Laugum og í Austur-Skaftafellssýslu og Menntaskólans á Laugarvatni, ****

Launa- flokkur	Krónur /mánuði	Einingar /mánuði	Staða
132	617.144	1–14	Umboðsmaður barna Forstöðumaður Námsmatsstofnunar Forstöðumaður Námsgagnastofnunar Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, Landsbókavörður Skógræktarstjóri Landgræðslustjóri Forstjóri Veiðimálastofnunar Forstjóri Persónuverndar Forstjóri Útlendingastofnunar Forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga Forstjóri Lýðheilsustöðvar Forstjóri Einkaleyfastofunnar Forstjóri Landmælinga Íslands Framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands Forstöðumaður Geislavarna ríkisins Yfirskattaneftarmenn Talsmaður neytenda Brunamálastjóri Saksóknarar hjá embætti ríkissaksóknara og hjá ríkislögreglustjóra Vígslubiskupar Skrifstofustjórar í ráðuneytum, sem heyra undir annan skrifstofustjóra eða stýra ekki skrifstofu
		2	Skólameistari Kvennaskólans****
		13–19	Sýslumennirnir Hvolsvelli, Blönduósi, Borgarnesi, Húsavík, Eskifirði, Seyðisfirði, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Vestmannaeyjum, Akranesi og Ísafirði***
133	638.033	18	Héraðsdómarar*****
		5–18	Þjóðminjavörður Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands Framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Reykjavík og Reykjanesi Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins Forstjóri Vinnumálastofnunar Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins Forstjóri Ríkiskaupa Forstjóri Íslenskra orkurannsókna Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Skólastjóri Lögregluskólans Forstöðumaður Fasteigna ríkissjóðs Forstöðumaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála Ferðamálastjóri Skipulagsstjóri ríkisins Skrifstofustjórar í ráðuneytum
		3	Skólameistarar Flensborgarskóla, Menntaskólans á Ísafirði, Menntaskólans á Egilsstöðum, og Menntaskólans við Sund****

Launa- flokkur	Krónur /mánuði	Einingar /mánuði	Staða
134	659.654	26	Dómstjórar utan Reykjavíkur*****
		0–11	Skrifstofustjórar í ráðuneytum sem eru staðgenglar ráðuneytisstjóra
		6–14	Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands
			Fiskistofustjóri
			Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
			Skrifstofustjóri Hæstaréttar
			Forstjórar Barnaverndarstofu
			Forstjóri Lyfjastofnunar
			Forstjóri Fasteignaskrár ríkisins
			Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar
			Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða
			Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga
			Forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki
			Orkumálastjóri
			Þjóðleikhússtjóri
		29–32	Sýslumennirnir Selfossi, Keflavík, Akureyri, Hafnarfirði og Kópavogi***
		3–6	Skólameistarar fjölbrautaskólanna við Ármúla, í Garðabæ, fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Vesturlands, Suðurnesja og Suðurlands, menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri og Borgarholtsskóla****
135	682.032	6	Skólameistarar Verkmenntaskólans á Akureyri, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Menntaskólans við Hamrahlið****
		6–20	Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar
			Forstjóri Matvælastofnunar
			Forstjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna
			Forstjóri Fangelsismálastofnunar
			Forstjóri Landhelgisgæslu Íslands
			Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
			Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands
141	833.752	8	Skrifstofustjóri Alþingis
			Ráðuneytisstjórar
142	862.207	6–11	Ríkisendurskoðandi, Ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti
		24	Forseti Hæstaréttar

\* Greitt fyrir prestverk og starfskostnað samkvæmt gjaldskrá dóms- og kirkjumálaráðuneytis

\*\* Staðaruppbætur og starfskostnaður greiddur samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytis

\*\*\* Innheimtulaun taka mið af innheimtuárangri og reiknast þannig að stundafjöldi til greiðslu í hverjum mánuði skal vera 1,1355 í veldinu (ih-70), þar sem ih er innheimtuárangur í hundraðshlutum.

\*\*\*\* Heimilt er að greiða skólameistara fyrir kennslu, allt að 12 kennslustundum á mánuði. Áður en til slíkrar greiðslu kemur skal hann þó hafa kennt 4 stundir á mánuði án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Kennsla skólameistara skal greidd með 1,2 klukkustundum í yfirvinnu samkvæmt 115. launaflokki kjararáðs.

\*\*\*\*\* Bakvaktir héraðsdómara

**Fylgiskjal II.****Launatafla kjararáðs nr. 502 fyrir embættismenn og þá sem færðir voru undir ákvörðunarvald kjararáðs með lögum nr. 87/2009.**

Gildir frá 1. mars 2012.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nema hjá þeim sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, hjá þeim er eining 1% af launaflokki 502-126			
<b>Launafl.</b>	<b>kr./mán.</b>	<b>Launafl.</b>	<b>kr./mán.</b>
110	326.050	136	765.636
111	336.691	137	791.662
112	347.703	138	818.599
113	359.102	139	846.479
114	370.899	140	875.334
115	383.109	141	905.199
116	395.746	142	936.110
117	408.826	143	968.102
118	422.363	144	1.001.214
119	436.375	145	1.035.486
120	450.876	146	1.070.956
121	465.886	147	1.107.668
122	481.420	148	1.145.665
123	497.499	149	1.184.992
124	514.140	150	1.225.695
125	531.363	151	1.267.823
126	549.189	152	1.311.426
127	567.640	153	1.356.554
128	586.736	154	1.403.262
129	606.500	155	1.451.605
130	626.956	156	1.501.640
131	648.128	157	1.553.426
132	670.041	158	1.607.024
133	692.721	159	1.662.499
134	716.195	160	1.719.915
135	740.491	161	1.779.340

**Fylgiskjal III.**

**Launatafla kjararáðs nr. 500. Gildir fyrir þjóðkjörna fulltrúa.**  
Gildir frá 1. mars 2012.

<b>Launaf.</b>	<b>kr./mán.</b>	<b>Launaf.</b>	<b>kr./mán.</b>
130	610.194	148	1.114.529
131	630.779	149	1.152.766
132	652.085	150	1.192.341
133	674.136	151	1.233.302
134	696.960	152	1.275.696
135	720.582	153	1.319.574
136	745.031	154	1.364.988
137	770.336	155	1.411.991
138	796.526	156	1.460.639
139	823.633	157	1.510.990
140	851.689	158	1.563.103
141	880.726	159	1.617.041
142	910.780	160	1.672.866
143	941.886	161	1.730.645
144	974.081	162	1.790.446
145	1.007.402	163	1.852.340
146	1.041.890	164	1.916.400
147	1.077.585	165	1.982.703



## Fylgiskjal IV.

*Kjararáð, 30. maí 2007:*

### **Reglur kjararáðs um starfskjör.**

Eftirfarandi ákvæði gilda um starfskjör þeirra embættismanna ríkisins, sem heyra undir úrskurð kjararáðs hvað varðar laun og starfskjör, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

#### **1. Laun**

- 1.1. Laun eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða, nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.
- 1.2. Til viðbótar mánaðarlaunum getur kjararáð ákveðið fastar mánaðarlegar greiðslur í formi eininga fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir. Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502.
- 1.3. Komi til greiðslu fyrir tímamælda yfirvinnu, skal tímakaup vera 1,0385% af mánaðarlaunum.
- 1.4. Fyrsta desember ár hvert skal embættismaður í fullu starfi fá greidda desemberuppbót sem er 14 einingar. Með fullu starfi er átt við 100% starf á almanaksárinu til 31. október. Hafir starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal honum greitt hlutfallslega. Á sama hátt skal starfsmaður sem látið hefur af starfi en hefur starfað samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall.
- 1.5. Með mánaðarlaunum er átt við laun sem eru ákvörðuð fyrir dagvinnu, þ. e. laun án eininga samkvæmt gr. 1.2.
- 1.6. Þegar rætt er um laun í úrskurðum kjararáðs er átt við mánaðarlaun að viðbættum einingum samkvæmt gr. 1.2.

#### **2. Orlof**

- 2.1. Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári eða 24 dagar fyrir fullt ársstarf. Embættismaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær 27 daga orlof. Við 38 ára aldur er orlof 30 dagar.
- 2.2. Komi til greiðslu fyrir tímamælda yfirvinnu, skal embættismaður fá 10,17% orlofsfé til viðbótar henni, við 30 ára aldur skal hann fá 11,59% og við 38 ára aldur skal hann fá 13,04% af slíkum greiðslum í orlofsfé.
- 2.3. Einingar, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum, eru greiddar alla mánuði ársins, líka í orlofi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

- 2.4. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september. Ef orlof eða hluti orlofs er tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um  $\frac{1}{4}$ . Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni yfirmanns.
- 2.5. Óheimilt er að láta greiðslu koma í stað lágmarkstímabils launaðs árlegs orlofs (24 dagar), nema um starfslok sé að ræða.
- 2.6. Nú tekur embættismaður ekki orlof eða hluta orlofs tiltekið orlofsár, að beiðni yfirmanns, og skal þá leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku það ár. Frekari frestun orlofs er óheimil.
- 2.7. Ríkissjóður greiðir gjald af launum embættismanna annarra en presta í sérstakan orlofssjóð, Árnassjóð. Af launum presta greiðir ríkissjóður gjald í orlofssjóð BHM. Gjald þetta skal nema 0,25% af launum (heildarlaunum) og greiðist mánaðarlega eftir á.

### 3. Tryggingar

- 3.1. Slysstrygging. Embættismenn skulu slysstryggðir allan sólarhringinn við dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort embættismaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gilda reglur nr. 30/1990 og nr. 31/1990. Um bótafjárhæðir fer samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra ofl. við BHM ofl. frá 22. desember 2004 með breytingum hinn 20. október 2005.

#### 3.1.1. Dánarslysabætur

- (1) Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:
  - (a) vegna slyss utan starfs 602.000 kr.
  - (b) vegna slyss í starfi 602.000 kr.
 Réttthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
- (2) Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ra aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:
  - (a) vegna slyss utan starfs 1.844.100 kr.
  - (b) vegna slyss í starfi 4.408.300 kr.
 Réttthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.
- (3) Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:
  - (a) vegna slyss utan starfs 2.522.800 kr.
  - (b) vegna slyss í starfi 7.194.100 kr.
 Réttthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili.

- (4) Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:
- (a) vegna slyss utan starfs 602.000 kr.
  - (b) vegna slyss í starfi 1.438.700 kr.
- Stundi barn hins látna á aldrinum 18–25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta. Réttahafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns. Með börnum er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fösturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Bætur greiðast aðeins samkvæmt einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar 3 við bætur samkvæmt 2. og 3. tölulið geta komið bætur samkvæmt 4. tölulið.

- 3.1.2. Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:
- (a) vegna slyss utan starfs 4.849.400 kr.
  - (b) vegna slyss í starfi 12.794.300 kr.
- Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51–100% vegur þrefalt.
- 3.1.3. Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í maí 2007, 271,0 stig.
- 3.2. Farangurstrygging. Verði persónulegur farangur embættismanns fyrir tjóni á ferðalagi á vegum ríkisins, skal skaðinn bættur af ríkinu í samræmi við gildandi reglur nr. 281/1988 um farangurstryggingar starfsmanna á ferðalögum á vegum ríkisins.
- 3.3. Persónulegir munir. Verði embættismaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt samkvæmt mati. Slíkt tjón verður einungis bætt ef það verður vegna óhapps á vinnustað. Ekki skal bæta tjón ef það verður sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis. Við framkvæmd skal höfð hliðsjón af vinnureglum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um meðferð reikninga vegna tjóns á persónulegum munum.
- 3.4. Slyss á vinnustað. Embættismanni skulu bætt þau útgjöld sem hann kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og sem slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

#### 4. Endurmenntun

- 4.1. Embættismaður sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið, með samþykki ráðherra, heldur launum og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar. Lengd leyfis samkvæmt þessu er allt að tveimur vikum á ári. Unnt er að veita lengra námsleyfi á lengra árabili.
- 4.2. Ríkissjóður greiðir gjald vegna embættismanna, annarra en presta, í Starfsmenntunarsjóð embættismanna. Ríkissjóður greiðir gjald vegna presta í Starfsmenntunarsjóð BHM. Gjald þetta nemur 0,22% af mánaðarlaunum.

## 5. Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

- 5.1. Leggi embættismaður til 2% viðbótarframlag í séreignarsjóð skal móttframlag vinnuveitanda vera 2%.

## 6. Önnur ákvæði

- 6.1. Embættismenn sem ekki hafa aðgang að matstofu skulu fá greitt fæðisfé í samræmi við ákvæði í kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.
- 6.2. Ferðakostnaður er greiddur samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.
- 6.3. Embættismenn eiga kost á styrk til íþróttaiðkunar allt að 3.000 krónum á mánuði. Styrkurinn er staðgreiðsluskyldur.
- 6.4. Embættismenn skulu njóta sama réttar vegna veikinda og slysa og félagsmenn í Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambandi Íslands samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra við ofangreind samtök frá 24. október 2000 með síðari breytingum. Réttindi embættismanna samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skerðast þó á engan hátt.
- 6.5. Launagreiðandi greiðir gjald vegna embættismanna í fjölskyldu- og styrktarsjóð. Gjald þetta nemur 0,55% af heildarlaunum og greiðist mánaðarlega eftirá. Sjóðurinn annast meðal annars greiðslur til embættismanna í fæðingarorlofi. Hluti gjaldsins rennur til Styrktarsjóðs BHM samkvæmt ákvörðun stjórnar fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Um rétt sjóðfélaga og skipulag sjóðsins gildir skipulagsskrá Styrktarsjóðs BHM og reglur settar samkvæmt henni.
- 6.6. Reglur þessar gilda nema einstakir úrskurðir kjararáðs kveði á um annað.

## 7. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. júní 2007.

Reykjavík, 30. maí 2007

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller  
Rannveig Sigurðardóttir

Jónas Þór Guðmundsson  
Kristinn Hallgrímsson

**Fylgiskjal V.**

*Kjararáð, 9. júní 2010:*

**REGLUR KJARARÁÐS**  
um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta  
í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra

Eftirfarandi ákvæði gilda um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra og heyra undir kjararáð hvað varðar laun og starfskjör samkvæmt lögum um kjararáð nr. 47/2006, sbr. lög nr. 87/2009.

**1. Laun**

- 1.1. Kjararáð ákveður mánaðarlaun, þ.e. föst laun fyrir venjulega dagvinnu. Með mánaðarlaunum er einungis átt við laun sem eru ákvörðuð fyrir dagvinnu, þ. e. laun án eininga samkvæmt gr. 1.2. Þegar rætt er um laun í úrskurðum kjararáðs er átt við mánaðarlaun að viðbættum einingum samkvæmt gr. 1.2.
- 1.2. Til viðbótar mánaðarlaunum getur kjararáð ákveðið fastar mánaðarlegar greiðslur í formi eininga meðal annars fyrir yfirvinnu og álag sem starfinu fylgir. Eining er nú 1% af launaflokki 126 í launatöflu kjararáðs nr. 502.
- 1.3. Fyrsta desember ár hvert skal framkvæmdastjóri fá greidda desemberuppbót sem er 14 einingar.
- 1.4. Laun eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða, nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

**2. Orlof**

- 2.1. Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári eða 24 dagar fyrir fullt ársstarf. Framkvæmdastjóri sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær 27 daga orlof. Við 38 ára aldur verður orlof 30 dagar.
- 2.2. Einingar, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum, eru greiddar alla mánuði ársins, líka í orlofi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.
- 2.3. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september. Ef orlof eða hluti orlofs er tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um  $\frac{1}{4}$ . Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni stjórnar.
- 2.4. Óheimilt er að láta greiðslu koma í stað lágmarkstímabils launaðs árlegs orlofs (24 dagar), nema um starfslok sé að ræða.
- 2.5. Nú tekur framkvæmdastjóri ekki orlof eða hluta orlofs tiltekið orlofsár, að beiðni stjórnar, og skal þá leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku það ár. Frekari frestun orlofs er óheimil.

### 3. Endurmenntun

- 3.1. Framkvæmdastjóri sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið, með samþykki stjórnar, heldur launum og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins, að hámarki tvær vikur á ári.

### 4. Greiðslur í lífeyrissjóð

- 4.1. Iðgjald launagreiðanda í lífeyrissjóð er ákveðið með hliðsjón af verðmæti lífeyrisréttinda í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og er miðað við að það sé 20% af launum, að meðtöldu framlagi í séreignasjóð.
- 4.2. Launagreiðandi greiðir iðgjald til lífeyrissjóðs að vali framkvæmdastjóra samkvæmt reglum sjóðsins. Sé framkvæmdastjóri félagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er greitt iðgjald til sjóðsins í samræmi við reglur hans. Til viðbótar getur hann greitt til séreignasjóðs.
- 4.3. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

### 5. Aksturs- og ferðakostnaður

- 5.1. Noti framkvæmdastjóri eigin bifreið í þágu launagreiðanda er greitt fyrir akstur samkvæmt akstursgjaldi sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins.
- 5.2. Ferðakostnaður er greiddur samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

### 6. Tryggingar

- 6.1. Framkvæmdastjórar skulu njóta sambærilegs réttar vegna veikinda og slysa og forstöðumenn ríkisstofnana. Sama á við um fæðingarorlof.
- 6.2. Framkvæmdastjórar skulu tryggðir vegna dauða og örorku og skulu tryggingar eigi vera lakari en embættismönnum eru tryggðar sbr. reglur kjararáðs um almenn starfskjör embættirmanna.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reglur þessar gilda nema einstakir úrskurðir kjararáðs kveði á um annað.

Reykjavík, 9. júní 2010

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller  
Rannveig Sigurðardóttir

Jónas Þór Guðmundsson  
Kristinn Hallgrímsson